

Innlent



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Við Geirsgötu Starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa unnið að því hörðum höndum síðan á miðvikudag að breyta umferðarljósum á gatnamótum Lækjargötu og Hverfisgötu í miðborginni.

Ljúka endurnýjun í Lækjargötu

● Breyta umferðarljósum ● Umferð brátt hleypt á veginn

Starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa unnið að því hörðum höndum síðan á miðvikudag að breyta umferðarljósum á gatnamótum Lækjargötu og Hverfisgötu í miðborginni. Fastlega var búist við því að tækist að ljúka þessari vinnu í gærkvöldi.

Verkið fólst í því að færa stjórnkassa umferðarljósanna og voru þau óvirk á meðan, sem og umferðarljós á gatnamótum Bankastrætis og Lækjargötu. Hámarkshraði umferðar í Lækjargötu var minnkaður niður í 30 km á meðan umferðarljós voru óvirk. Þá var Tryggvagötu

breytt tímabundið í einstefnu frá Lækjargötu til að draga úr álagi á gatnamótum Lækjargötu og Hverfisgötu.

Í næstu viku er stefnt að því að hleypa umferð á endurnýjaðan kafla Lækjargötu/Kalkofnsvegur frá Hverfisgötu, sem og á nýjan hluta Kalkofnsvegur. Þá verða ný gatnamót Geirsgötu og Kalkofnsvegur tekin að hluta í notkun, að því er fram kemur í frétt frá Reykjavíkurborg.

Framkvæmdir við götuna og gatnamót Geirsgötu og Lækjargötu/

Kalkofnsvegur við Arnarhól hófust í lok marsmánaðar. Kalkofnsvegur, milli Hverfisgötu og Geirsgötu, hefur verið lokaður fyrir bílaumferð frá þeim tíma.

Gatnamótin hafa verið færð nokkra metra í vesturátt. Útbúin voru svokölluð T-gatnamót í stað sveigðrar Geirsgötu eins og hefur verið fram að þessu. 30 kílómetra hámarkshraði verður framvegis á þessum götum. Eftir framkvæmdirnar verður Geirsgatan hornrétt á Lækjargötu/Kalkofnsveg. sisi@mbi.is



Morgunblaðið/Ómar

Kosningar Reykvíkingar geta nú kosið um hugmyndir að betra hverfi.

Íbúar velja bestu hugmyndirnar

● Kosningar hafnar á hverfidmitt.is

Kosningar eru hafnar á heimasíðunni hverfidmitt.is þar sem íbúar í Reykjavík geta kosið um það hvaða hugmyndir koma til framkvæmda í borginni á næsta ári.

Alls eru 450 milljónir króna til ráðstöfunar til að ráðast í þau verkefni sem hljóta besta kosningu en fjármagninu verður deilt niður eftir hverfum. Meðal þeirra hugmynda sem hægt er að kjósa um í ár eru gerð matjurtagarða, hjólabrauta,

parkour-svæða, púttvallar og norðurljósabyrgis auk hugmynda að ýmsum endurbótum göngustíga og leikvalla og bættri lýsingu. Mögulegt er að greiða atkvæði oftari en einu sinni en það er síðasta atkvæðið sem gildir að því er segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg. Kosningarnar standa yfir til 19. nóvember en nánari upplýsingar um kosningarnar og þær hugmyndir sem fyrir liggja má nálgast á hverfidmitt.is.

Listaverk eftir Ásgerði Búadóttur og Sverri Haraldsson

Höfum verið beðin að útvega listaverk eftir Ásgerði Búadóttur og Sverri Haraldsson. Einnig abstraktverk eftir Guðmundu Andrésdóttur, Hjörleif Sigurðsson, Hörð Ágústsson, Karl Kvaran, Valtý Pétursson o.fl

studiostafn.is/listaverkasala

Studio Stafn, Hátúni 6B, Sími 552 4700.

STUDIO
STAFN

Herbergi frá Dkk 300 **Íbúðir** frá Dkk 900

gisting.dk
Kaupmannahöfn



499 20 40 (Íslenskur sími) 32 55 20 44 (Danskur sími)

Jakkapeysa



Kr. 7.990 - Str. S-XXL
3 litir: grátt, svart, grænt



Opið í dag 11-16
Bæjarlind 6, sími 554 7030
Við erum á facebook [f](https://www.facebook.com/rita.is)



DÚNÚLPA

STR. 36-52
VERÐ 26.980
GYLT, SVÖRT
OG VÍNRAUÐ

hjá
Grafhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

GLÆSILEGT ÚRVAL AF YFIRHÖFNUM Á ALLAR DÖMUR



kello

Kringlunni 4c - Sími 568 4900